

Fundargerð stjórnar Bandalags íslenskra skáta

Fundarstjóri: Marta Magnúsdóttir	Fundur nr. 22/2018
Fundarritari: Sigríður Ágústsdóttir	
Mættir: Marta Magnúsdóttir (MM) skátahöfðingi (á skype) Anna G Sverrisdóttir (AGS) formaður fjármálaráðs Björk Norðdahl (BN) formaður fræðsluráðs Dagmar Ýr Ólafsdóttir (DÝÓ) aðstoðarskátahöfðingi, formaður félagaráðs Harpa Ósk Valgeirdóttir (HÓV) formaður dagskrárráðs Liljar Mór Þorbjörnsson (LMP) formaður alþjóðaráðs Sigríður Ágústsdóttir (SÁ) skrifstofustjóri BÍS	Fundarstaður: Hraunbær 123 Dags: 18.des. 2018 Frá kl. 20:0 Til kl. 22:00
Fjarverandi: Berglind Lilja Björnsdóttir (BLB) formaður ungmennaráðs Jón Egill Hafsteinsson (JEH) formaður upplýsingaráðs Kristinn Ólafsson (KÓ) framkvæmdastjóri BÍS	

Dagskrá:

Tími - mín:	Nr.	Fundarefni	Ábyrgð
1	1	Setning MM setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.	MM
1	2	Fundargerðir síðasta fundar Fundargerðir eru sendar til stjórnarmeðlima og ef ekki koma athugasemdir innan þriggja daga frá sendingu teljast þær samþykktar.	KÓ
120	3	Stjórnsýsla 1. Starfsáætlun og fjárhagsáætlun BÍS og ráða 2019. Unnið var í áætlun og helstu drög liggja fyrir.	Allir
10	4	Önnur mál 1. CubNet/ScoutNet fundur var haldinn í Luxemborg í nóvember sl. Þarna voru fulltrúar frá dreka-fálka- og dróttskátum í Evrópu. HÓV og Sif Pétursdóttir sóttu fundinn og fengu mjög góða yfirsýn yfir flokkakerfið og starf þeirra í Evrópu, hvaða aldur er almennt innan sveita og flokka og hvort skipt er í flokka eftir aldri eða kyni. Gott innlegg var frá WOSM um muninn á hvernig fræðsla og kröfur um fræðslu eru að breytast í Evrópu, frá almennri fræðslu yfir í persónubundna fræðslu, hvernig samfélagsmiðlar eru að breyta skátastarfi, umræða var um ferlið fyrir skátann að færast frá einu aldursbili í annað og munur um hvað skiptir máli fyrir hvert aldursbil. Sagt var frá rannsóknnum um hvenær er best að hafa skátastarf kynjaskipt og hvenær ekki. Ef börnin byrja yngri þá eru	HÓV

	<p>meiri líkur á að þau haldi áfram, ef þau byrja yngri en 8 ára, jafnvel 5 ára þá eru meiri líkur á að foreldrar verði virkir þátttakendur og foringjar. Margir góðir punktar komu fram sem hægt er að nota beint inn í skátastarfið. Flokkakerfið er niður í ca. 10 ára aldur víða í Evrópu, fór svolítið eftir því hvernig aldursröðun er í flokkunum, hvort þeir eru 10-13 ára eða öll t.d. 13 ára.</p> <p>2. Fundur MM, KÓ og AGS með tengiliðum MMR tókst mjög vel og ráðuneytisfólk er ánægt með stefnuskjal og starf skátanna.</p> <p>3. Óskað er eftir því að fá Huldu Sólrúnu Guðmundsdóttur á stjórnarfund til samræðu um starf Evrópustjórnar. LMP kannar með tímasetningu á fund með Huldu.</p> <p>4. Kolefnisjöfnun v/ferða á fundi og viðburði erlendis. Áhugavert er að kanna hvort hægt er að velja flug og lest í stað þess að velja tvo flugleggi í þeim tilfellum sem ekki er hægt að fljúga beint á áfangastað. Einnig er hægt að kolefnisjafna með gróðursetningu fyrir hverja ferð.</p> <p>5. Fjarvera formanns upplýsingaráðs á stjórnarfundum frá því hann var kjörinn á síðasta skátapingi var rædd og möguleg viðbrögð við því.</p>	MM LMP
	Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.	